




Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um **stafvæðingu** 2025–2030

Leiðin að stafvæddasta svæði heims árið
2030



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Pólítískar áherslur	6
Markmið 1: Norðurlönd og Eystrasaltsríkin verði leiðandi í innleiðingu stafrænna og grænna umskipta	11
Markmið 2: Öruggt, tengt og samþætt svæði Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna	13
Markmið 3: Norðurlönd og Eystrasaltsríkin mynda svæði sem er öruggt, inngildandi og styður við manneskjumiðuð stafræn umskipti til að tryggja viðnámsþolin samfélög	16
Úttekt á samstarfsáætluninni	18
Um ritið	19

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2024-757>

Formáli

Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um stafvæðingu er lykilatriði í því að gera framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar að veruleika: að verða sjálfbærasta og samþætta svæði heims árið 2030. Við erum sterkari ef við vinnum saman og þannig erum við betur búin til að takast á við hraða tækniþróun, loftslagsvá og síbreytilega landfræðipólítíska stöðu. Saman getum við tryggt að svæðið okkar haldi áfram að vera leiðandi í hinum stafrænu umskiptum, aukið samkeppnishæfni fyrirtækjanna okkar og stuðlað að sjálfbærni sem og viðnámsþrótti, velmegun og velferð til framtíðar.

Ætlum við að ná fram samþættingu í stafrænum málum þurfum við að leiða hin stafrænu umskipti á opinn, öruggan, ábyrgan og lýðræðislegan hátt – þar sem allir eru með. Sá mikli stafræni þroski sem er um öll Norðurlönd og Eystrasaltslöndunum veitir okkur umtalsvert forskot og mikla möguleika sem við þurfum að nýta að fullu. Traustir og virkir stafrænir innviðir eru mikilvægir fyrir heilbrigði og þróun samfélagana okkar. Samstarf okkar miðar að því að tryggja að allir íbúar á svæðinu njóti góðs af stafvæðingunni, án tillits til aldurs, kyns, efnahags, menntunar eða stafrænnar hæfni.

Samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um stafvæðingu 2025–2030 mun stuðla að því að opinberi geirinn uppfylli þarfar bæði fólks og fyrirtækja á svæðinu núna og til framtíðar. Hún mun stuðla að frjálsri för og tengjanleika milli svæða, efla stafræna færni og hæfni og hvetja til ábyrgrar notkunar stafrænnar tækni. Enn fremur mun hún setja svæðið í forystu við að drífa áfram stafrænu og grænu umskiptin og stuðla að sjálfbærum hagvexti í samvinnu við hagsmunaaðila. Samstarfsáætlunin samrýmist viðeigandi ESB-reglum sem tryggir að vinnan okkar styðji við og stuðli að evrópskum markmiðum í breiðara samhengi.

Með þessar samstarfsáætlun viljum við nýta styrkleika okkar, læra af sameiginlegri reynslu okkar og ráðast að þeim áskorunum sem eru of stórar fyrir hvert land fyrir sig. Saman munum við viðhalda forystu svæðisins í hinum stafrænu umskiptum.

Njótið lestursins!



Erik Slottner
stjórnsýslumálaráðherra Svíþjóðar



Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Í samstarfsáætlun MR-DIGITAL er fjallað um pólitískar áherslur og markmið fyrir tímabilið 2025 til 2030.

Framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar er að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta í heimi fyrir árið 2030. Til að sú framtíðarsýn geti orðið að veruleika munu sértækar samstarfsáætlanir fyrir hvert fagsvið stýra starfi allra ráðherranefndanna á árunum 2025–2030 sem byggjast á þremur pólitískum áherslum framtíðarsýnarinnar: græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Samstarfið um stafvæðingu í MR-DIGITAL nær ekki aðeins til Norðurlanda heldur einnig Eystrasaltsríkjanna. Samfélög okkar byggja á lýðræði, jafnrétti, mannauði og samfélagslegri ábyrgð. Við verðum að tryggja að stafræn umbreyting fylgi þessum meginreglum nú og í framtíðinni. Stafræn og tækninýjungar eru stórir drifkraftar í þróun bæði einkageirans og hins opinbera sem og lykilþáttur í grænum umskiptum. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin eru eitt þeirra svæða sem lengst hafa komist í stafræningu á heimsvísu og eru því í einstakri stöðu til að leiða stafræna þróun – svæðisbundið og á alþjóðavettvangi. Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna innan MR-DIGITAL einkennist af sameiginlegum tækifærum og áskorunum, við að búa í haginn fyrir inngildandi og örugg stafræn umskipti, efla samkeppnishæfni og grænan hagvöxt auk þess að auka frjálsa för og samþættingu á svæðinu með öruggri og skilvirkri stafrænni þjónustu yfir landamæri fyrir fólk, fyrirtæki og yfirvöld.

Norðurlandaráð, borgarasamfélagið, atvinnulíf og aðrir hagsmunaaðilar hafa tekið þátt í þróun þessarar samstarfsáætlunar. Áætlunin var samþykkt af Norrænu ráðherranefndinni um stafræningu hinn 20. september 2024 og gildir hún frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2030.

Stafræn þróun er þverfagleg í eðli sínu. Til að markmið þessarar samstarfsáætlunar geti orðið að veruleika er þörf á þverfaglegu samstarfi. Með samstarfi við önnur fagsvið í norræna samstarfinu, svo sem svið umhverfis- og loftslagsmála, hagvaxtar, orkumála, heilbrigðismála, menntunar og rannsókna, náttúruauðlinda, menningar og stjórnsýsluhindrana má tryggja að hægt verði að finna samlegðaráhrif og takast á við sameiginleg verkefni og um leið ná fram sem umfangsmestum áhrifum sem felast í því að gera metnaðarfull markmið framtíðarsýnarinnar 2030 að veruleika.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þjár.

Pólitískar áherslur

Pólitísk áherslur samstarfsáætlunarinnar byggjast á skuldbindingu ráðherra stafvæðingar á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum um að tryggja að svæðið haldi stöðu sinni sem leiðandi í stafvæðingu og að það verði það svæði sem lengst hefur komist í þeim efnum árið 2030 og tryggja um leið að allir á svæðinu njóti góðs af hinni stafrænu væðingu óháð aldri, kyni, efnahag, menntun eða stafrænni færni.

Í nánú samstarfi við aðrar ráðherranefndir mun MR-DIGITAL leggja sitt af mörkum svo að opinberi geirinn uppfylli þarfir bæði fólks og fyrirtækja á svæðinu núna og til framtíðar og samræmdri innleiðingu regluverks ESB og frjálsri för og tengjanleika á svæðinu. MR-DIGITAL mun einnig vinna að því að efla stafræna færni og hæfni og ábyrga notkun stafrænnar tækni auk þess að taka forystuna í að drífa áfram stafrænu og grænu umskiptin og sjálfbæran hagvöxt. MR-DIGITAL mun taka þátt í samstarfi varðandi samþykkt Evrópustaðla, innviði, samnýtingu gagna, gagnarými og samvirkni, sem og tengjanleika í samræmi við viðeigandi framtaksverkefni og löggjöf Evrópusambandsins.

Norðurlönd og Eystrasaltsríkin geta verið leiðandi í stafrænum umskiptum innan ESB og á heimsvísu og sýnt fram á að hægt sé að nota stafræna tækni og gögn og miðla þeim á sanngjarnan, opinn, öruggan, ábyrgan og lýðræðislegan hátt. Með samstarfi er hægt að styrkja rödd Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á alþjóðlegum vettvangi, til að hafa áhrif á stefnur og viðmiðanir sem koma út úr því starfi til að tryggja að þau séu í samræmi við gildi okkar og fyrirliggjandi innviði.

Við lifum á tímum örrar tækniþróunar. Í áætluninni eru sett fram almenn markmið fyrir samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um stafvæðingu, byggt á núverandi samstarfi og á grundvelli sameiginlegra gilda okkar og framtíðarsýnar um öruggara, grænna og frjálsara svæði 2030.

Áskoranir og tækifæri sem felast í því að ná þeim markmiðum sem sett eru fram í þessari áætlun eru tengd áskorunum og þróun á alþjóðavísu:

”

Til að tryggja að svæðið okkar haldi efnahagslegum styrk sínum og samkeppnishæfni, og standi vörð um manneskjumiðaða nálgun okkar, þurfum við að vera í fararbroddi í tækniþróun nútímans og beita samræmdri og þverfaglegri nálgun í samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Loftslagsbreytingar, umhverfiskreppa og árangur við stafrænu og grænu umskiptin

Til að takast á við umhverfiskreppur, loftslagsbreytingar og draga úr kolefnislosun þarf umtalsverða fjárfestingu í endurnýjanlegri orku, sjálfbærum samgöngum og grænum innviðum, auk samstarfs yfir landamæri og þvert á atvinnugreinir til að samræma stefnumótun og forgangverkefni. Um leið og við þurfum að ná árangri við grænu umskiptin eru samfélög okkar einnig að ganga í gegnum stafræn umskipti. Græn og stafræn umskipti ættu að styrkja hvort annað: Ný tækni, betri nýting og miðlun gagna, auk nýstárlegra stafrænna lausna geta, ef þau eru notuð í grænum umskiptum, auðveldað stefnumótun og ákvarðanatöku og skilað snjallari og skilvirkari loftslagshlutlausum lausnum bæði fyrir opinbera geirann og einkageirann. Hins vegar eru stafræn umskipti ekki græn í sjálfu sér og bregðast þarf við álitamálum varðandi orkunotkun, auðlindanýtni og úrgang frá stafrænum lausnum eða kerfunum sjálfum.

Umskiptin tvenn og metnaðarfull markmið í Grænu samkomulag í Evrópu krefjast samhliða samstarfsátaks, þar sem leiddir eru saman allir viðeigandi aðilar, allt frá stefnumótunaraðilum til vísindafólks til nýsköpunarfyrirtækja. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin eru í fararbroddi á sviði nýsköpunar og stafvæðingar, og eru, með metnaði sínum í umhverfismálum, í góðri stöðu til að skila lausnum til stafrænna og grænna umskipta. Fjárfestingar í hinni öfluglu ofurtölvu, LUMI, sem hefur aðsetur í Finnlandi veitir okkur svæðisbundið forskot til að þróa stafræna tækni sem styður við loftslagsaðgerðir.

”

Norðurlönd og Eystrasaltsríkin eru í fararbroddi á sviði nýsköpunar og stafvæðingar, og eru, með metnaði sínum í umhverfismálum, í góðri stöðu til að skila lausnum til stafrænna og grænna umskipta.

Þróun efnahagsmála á heimsvísu, hröð stafræn umskipti og stjórnsýsluhindranir

Til að tryggja að svæðið okkar haldi efnahagslegum styrk sínum og samkeppnishæfni, og standi vörð um manneskjumiðaða nálgun okkar, þurfum við að vera í fararbroddi í tækniþróun nútímans og beita samræmdri og þverfaglegri nálgun í samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Munur á innleiðingu reglugerða sem tengjast stafvæðingu skapar hindranir á samstarfi yfir landamæri á svæðinu og gert samræmingu staðla erfiðari. Samstarf um þróun og framkvæmd nýrra og núverandi reglugerða ESB mun því stuðla að einfaldara lagaumhverfi á svæðinu. Til að auka stafrænt og gagnamiðað samspil milli viðkomandi hagsmunaaðila á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjumanna, bæði í opinbera geiranum og einkageiranum, er mikilvægt að stuðla að samvirkni og samræma reglugerðir og staðla til að auðvelda miðlun gagna yfir landamæri.

Þróun gervigreindar er ör og nýting hennar í samfélaginu eykst í sífellu. Gervigreind getur stuðlað að auknum hagvexti, framleiðni og skilvirkni og hjálpað til við að leysa brýnar samfélagslegar áskoranir. Þó getur notkun gervigreindar ógnað opinberum stjórnunarháttum og ákvarðanatöku, auk þess að hafa áhrif á lýðræðisleg ferli og upplýsingar með aukinni hættu, t.d. á algóritmaskekkju (e. algorithmic bias) eða misvísandi og villandi upplýsingum. Öruggt er að gervigreind er lykillinn að stafrænum umskiptum og mun halda áfram að hafa sífellt aukin áhrif á hagkerfið og daglegt líf.

”

Gervigreind er lykillinn að stafrænum umskiptum og mun halda áfram að hafa sífellt aukin áhrif á hagkerfið og daglegt líf.

Landfræðipólitísk áhætta, svæðisbundinn óstöðugleiki og öryggisógnir sem steðja að stafrænum innviðum

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin eru í flókinni landfræðipólitískri stöðu þar sem nágrannalöndin glíma við pólitískan óstöðugleika og átök. Vísitandi eyðilegging innviða í Úkraínu, þ.m.t. stafrænna innviða, sýnir fram á þörfina á viðnámsþoli í fjarskiptanetum. Auk netárásanna í Úkraínu höfum við einnig séð vaxandi þróun skipulagðra netglæpa á alþjóðavettvangi. Eftir því sem svæðið verður meira tengt og reiðir sig á stafræna tækni eykst netöryggishætta og öryggisáhætta fyrir stafræna innviði, eins og bersýnilega kom í ljós með atvikunum í Eystrasalti sem höfðu áhrif á mikilvæg neðansjávargrunnvirki. Viðhald og endurbætur á öflugum, álagsþolnum og umframa stafrænum innviðum og hátt öryggisstig í þeirri stafrænu þjónustu sem samfélög okkar reiða sig á, hefur orðið sífellt mikilvægari og lykilþáttur í heildaröryggi okkar. Að takast á við þessa áhættu mun krefjast náinnar samvinnu milli landa á svæðinu, auk fjárfestinga í rannsóknum á sviði netöryggis, þróunar og menntunar og færni, bæði fyrir almenning og sérfræðinga.

”

Viðhald og endurbætur á öflugum, álagsþolnum og umframa stafrænum innviðum og hátt öryggisstig í þeirri stafrænu þjónustu sem samfélög okkar reiða sig á, hefur orðið sífellt mikilvægari og lykilþáttur í heildaröryggi okkar.

Lýðfræðilegar breytingar, stafræna gjáin og munur á tengingu og færni

Lýðfræðilegar breytingar, þ.m.t. öldrun íbúa og fólksflutningar setja þrýsting á velferðarkerfi svæðisins og samfélagslega samheldni. Þrátt fyrir mikla stafvæðingu á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum er enn verulegur munur á aðgangi að stafrænni tækni og færni, sem stuðlar að stafrænni gjá og hægt á aukinni samkeppnishæfni, nýsköpun og samstarfi. Innan svæðisins okkar eru nokkrir af stafvæddustu opinberu geirum í heiminum, sem gerir þá skilvirka, árangursríka og betur búna til að mæta þörfum fólks og fyrirtækja. Þetta hefur einnig varpað ljósi á mikilvægi stafrænnar inngildingar til að tryggja að opinberi geirinn sé aðgengilegur öllum og að enginn sé skilinn útundan. Svæðisbundið samstarf um þróun og framkvæmd aðgerða til að gera stafræna þjónustu aðgengilegri öllum íbúum okkar mun skipta öllu máli til að við höldum stöðu okkar sem leiðandi á sviði stafrænnar tækni sem og samkeppnishæfni svæðisins. Örar tæknibreytingar krefjast ekki aðeins öflugra samskiptainnviða og stafrænnar hæfni íbúa, heldur einnig mjög hæfs vinnuafls. Án markvissra fjárfestinga stendur svæðið frammi fyrir hæfniskorti.

Til að geta nýtt þessi tækifæri og takast á við áskoranir þarf samræmda nálgun yfir landamæri og þvert á atvinnugreinar þar sem tekið er tillit til tækni, menntunar, rannsókna, löggjafar og samstarfs opinberra aðila og einkaaðila, auk fjárfestinga í stafrænum innviðum og öflugum samstarfi til að samræma stefnur og forgangsmál.

”

Örar tæknibreytingar krefjast ekki aðeins öflugra samskiptainnviða og stafrænnar hæfni íbúa, heldur einnig mjög hæfs vinnuafls.

Markmið og undirmarkmið

Til að stuðla að því að Norðurlönd og Eystrasaltsríkin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030 hefur Norræna ráðherranefndin um stafvæðingu sett sér eftirfarandi markmið og undirmarkmið fyrir árin 2025 til 2030.

Markmið 1: Norðurlönd og Eystrasaltsríkin verði leiðandi í innleiðingu stafrænna og grænna umskipta



Aukin notkun gagna og nýrrar tækni er grundvallaratriði til að nýta möguleika stafvæðingar og stuðla að grænum umskiptum. Þekking og vitund um bæði græna og stafræna tækni veitir svæðinu samkeppnisforskot og býður upp á verkfæri til að stuðla að og hraða stafrænum grænum umskiptum innan ESB og víðar, og taka forystuna í að samþætta grænu og stafrænu umskiptin.

En þó svo að þessi tvö umskipti séu nátengd er þörf á frekari viðleitni til að nýta gögn og stafrænar lausnir til að takast á við áskoranir varðandi sjálfbærni og draga úr loftslags- og umhverfisstærni upplýsinga- og fjarskiptatækninnar sjálfrar. Til þess að stafræn umskipti geti orðið sannur drifkraftur við innleiðingu grænna umskipta þurfum við einnig að takast á við orkunotkun, losun og rafúrgang frá stafrænum lausnum.

**Undirmerkið 1.1:
Aukin hæfni,
þekking og
rannsóknir á því
hvernig stafvæðing,
gagnanotkun og
samnýting gagna
getur flýtt fyrir
grænum
umskiptum**

Samstarf um gagnamiðlun, notkun stafrænna lausna og nýtingu nýrrar tækni getur farið fram í samstarfi við aðrar ráðherranefndir (t.d. ráðherranefndirnar um sjálfbæran hagvöxt eða umhverfis- og loftslagsmál) og getur stuðlað að þróun stafrænnar tvíburatækni og tilraunaverkefna sem byggjast á samhæfðum, rekstrarsamhæfðum og samnýtanlegum gögnum sem stuðla að gagnadrifinni ákvarðanatöku: Nýta FAIR-viðmiðin til að auðvelda hagsmunaaðilum að taka upplýstar ákvarðanir og setja ný viðmið um gagnadrifna stjórnun sameiginlegra auðlinda.

**Undirmerkið 1.2:
Stafrænar lausnir
munu hafa jákvæð
áhrif á umhverfið**

Samstarf um græn umskipti upplýsinga- og fjarskiptatækni getur falið í sér að miðla bestu starfsvenjum og reynslu einstakra landa, vinna saman að stöðlum og samræmingu þegar tekist er á við orkunotkun, losun og rafrænan úrgang frá stafrænum lausnum. Miðlun sérfræðiþekkingar, framkvæmd sameiginlegra rannsóknarverkefna og vinna saman að framkvæmd og mati á áhrifum nýsköpunartækni sem hámarkar ferla, dregur úr umhverfisáhrifum og eykur sjálfbærni almennt á Norðurlöndum og Eystrasaltssvæðinu.

Markmið 2: Öruggt, tengt og samþætt svæði Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna



Samtengdir, öruggir og traustir stafrænir innviðir sem eru samvirkir þvert á landamæri á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum eru hornsteinn og drifkraftur í því markmiði að verða samþættasta svæði heims. Þroskastig notkunar stafrænna lausna á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum er nú þegar hátt, sem rekja má til mikils framboðs og notkunar á stafrænni þjónustu, færni og internetaðgangi í hverju landi. Þessi þroski ásamt gagnkvæmu trausti og samskonar hugarfari innan svæðisins gerir okkur kleift að njóta ávaxta fjölþjóðasamstarfs og gera Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin að stafrænt samtengdasta svæðið á heimsvísu. Til að ná því markmiði er þörf á sameiginlegu átaki til að styrkja enn frekar stafræna innviði yfir landamæri, ásamt því að efla sameiginlega hagsmuni Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi.

Rekstrarsamhæfi og samræmt regluverk stuðla að samþættingu og samkeppnishæfni. Samstarf um þróun og framkvæmd nýrra og núverandi reglugerða ESB verður sífellt mikilvægara. Samstarf um staðla til að auðvelda miðlun gagna yfir landamæri mun auka stafrænt og gagnamiðað samspil milli viðkomandi hagsmunaaðila á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjumanna, bæði í opinbera geiranum og einkageiranum.

**Undirmarkmið 2.1:
Sameiginlegur
vettvangur
stafrænnar
þjónustu yfir
landamæri á
Norðurlöndum og
Eystrasaltsríkjum**

Þetta felur í sér að skilgreina sameiginlegar forsendur fyrir opinbera aðila og einkaaðila til að geta boðið stafræna þjónustu sína yfir landamæri, samræma þá vinnu, hrinda í framkvæmd og hafa áhrif á viðeigandi þróun á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi. Þetta felur í sér samstarf um meginþætti stafrænna grunninnviða, svo sem rekstrarsamhæfð stafræn auðkenni, ramma fyrir miðlun gagna og veitingu lykilþjónustu til að styðja við frjálsa för á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum. Til að ná raunverulegum árangri skipta samræming og samstarf ábyrgðaraðila helstu þjónustusviða miklu máli. Þetta krefst einnig samfellds og aukins samstarfs hvað varðar innleiðingu á ESB-reglugerðum á svæðinu.

**Undirmarkmið 2.2:
Stafrænt örugg,
skilvirk og
inngildandi
þjónusta hins
opinbera**

Traust og örugg stafræn þjónusta, verndun einkalífs notenda og fullvissa að persónuupplýsingar séu geymdar og unnar á öruggan og áreiðanlegan hátt, þannig að allir hafi betri stjórn á eigin gögnum, skiptir sköpum til viðhalda trausti á stafrænni þjónustu, sem aftur er grundvöllur stafrænnar umskipta. Hins vegar getur aukið öryggi stafrænnar þjónustu dregið úr aðgengi að henni ef ekki er vel að gáð. Örugg hönnun verður að kallast á við nothæfi og inngildandi hönnun.

Undirmarkmið 2.3: Aukin samræming verkefna tengdum stafrænum innviðum

Að tala einum rómi og hafa þannig áhrif á evrópsk og alþjóðleg málefni sem tengjast stafrænum grunnvirkjum yfir landamæri með því að nýta og styrkja núverandi samstarf á þessu sviði. Þessu mætti ná fram með því að tengja saman og samræma ýmiss konar verkefni og vinnu sérfræðinga á sviði stafræna innviða, ásamt því að tengja forgangsverkefni í hverju landi við markmið og undirmarkmið MR-DIGITAL. Þetta gæti t.d. falist í því að leiða saman ábyrgðaraðila lykilsviða í hverju landi og mynda vettvang þvert á landamæri til að festa í sessi og styrkja málefni sem tengjast stafrænum innviðum, með það að markmiði að stuðla að auknum tengjanleika og frjálsri för á svæðinu.

Samstarf getur falist í því að efla samstarfsnet á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum, auðvelda samskipti og tæknilegar umræður um framfarir 5G-tækninnar og aðra stafræna innviði, auk þess að og koma auga á áskoranir og nýja þróun sem skiptir máli fyrir regluverk Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Undirmarkmið 2.4: Aukin gagnamiðlun og endurnýting gagna

Nátengt hinum undirmarkmiðum og byggt á fyrirliggjandi verkefnum: að vinna að aukinni samnýtingu og endurnotum gagna þvert á landamæri á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjunum. Þetta er hægt að gera með því að byggja upp sameiginlegan skilning, skapa og miðla þekkingu og samræma lykilramma með sameiginlegu átaki til að samræma og hafa áhrif á sambærilega þróun á alþjóðavettvangi og með því að leitast við að tengja þau við stjórnsýsluleg, tæknileg og merkingarfræðileg atriði í hverju landi.

Markmið 3: Norðurlönd og Eyrstrasaltsríkin mynda svæði sem er öruggt, inngildandi og styður við manneskjumiðuð stafræn umskipti til að tryggja viðnámsþolin samfélög



Netöryggi er mikilvæg forsenda stafrænnar þróunar. Viðhald og endurbætur á öryggi stafrænna innviða okkar og þjónustu er orðið órjúfanlegur þáttur í viðnámsþrótti samfélagsins og borgaralegum vörnum. Samstarf um miðlun upplýsinga og reynsla til að tryggja áreiðanlega stafræna innviði, auk nauðsynlegrar hæfni og getu til að bera kennsl á og takast á við netatvik eða -árásir, mun stuðla að viðnámsþoli í upplýsingastjórnun og stafrænu öryggi. Almenn færni í upplýsinga- og fjarskiptatækni auk stafrænnar hæfni eru óaðskiljanlegur þáttur af heildaröryggi á netinu en einnig nauðsynlegt til að taka þátt í stafrænu hagkerfi og hinu daglega lífi í stafvæddum samfélögum okkar. Öll löndin á svæðinu standa frammi fyrir svipuðum áskorunum við að tryggja að enginn verði eftir í hinum stafrænu umskiptum og mikið virði getur legið í samstarfi um þekkingarmiðlun og að finna bestu starfsvenjur og hagkvæmustu lausnir. Samstarf milli landa og samstarf þvert á landamæri verður lykillinn að svæðisbundinni samfellu, að deila bestu starfsvenjum sín á milli og að betrubæta hvernig við nálgumst stefnumörkun.

**Undirmarkmið 3.1:
Tekist er á við hina
stafrænu gjá og
stafræn hæfni og
stafræn dómgreind
aukin**

Hin öru stafrænu umskipti samfélaganna fela í sér hættu á að tilteknir samfélagshópar eða fólk sem býr við tilteknar aðstæður verði út undan. Miðlun þekkingar og stefnumótandi aðgerðir varðandi stafræna inngildingu eru mikilvægt skref til að koma í veg fyrir þessa þróun. Stöðug áhrif stafrænna fjölmiðla og stafrænna samfélagsvettvanga hafa undirstrikað þörfina á að íbúarnir búi yfir stafrænni dómgreind og almennri getu á sviði netöryggis, þróun sem undirstrikar enn frekar notkun nýrrar tækni. Að stuðla að samstarfi, samtali og þekkingarmiðlun milli notenda og stefnumótunaraðila og á milli hins opinbera og einkageirans, þvert á landamæri verður áfram mikilvægt svo að fólk geti tekið virkan þátt í stafrænu og lýðræðislegu samfélagi og komandi breytingum á samsetningu vinnuafis.

**Undirmarkmið 3.2:
Aukið samstarf á
sviði netöryggis og
upplýsingaöryggis**

Eftir því sem stafvæðingu samfélaga okkar vindur fram verða netógnir og öryggisógnir sífellt vaxandi áhyggjuefni bæði hjá hinu opinbera og í einkageiranum. Skortur á hæfu starfsfólki á sviði almennrar upplýsinga- og fjarskiptatækni, netöryggis og upplýsingaöryggis er ekki aðeins áskorun fyrir Norðurlönd og Eystrasaltsríkin heldur fyrir heiminn allan. Svæðisbundið samstarf um bestu starfsvenjur, þekkingarskipti og samstarf um stefnumótun og innviði verður mikilvægt til að tryggja örugg stafræn umskipti og viðhalda trausti í hinu stafræna samfélagi.

**Undirmarkmið 3.3:
Áreiðanleg, örugg,
ábyrg og sjálfbær
notkun tækni, þar á
meðal
gervigreindar**

Enginn vafi leikur á því að ný tækni nýtist til að bæta líf fólks og aðstoða við lausn nokkurra af brýnustu áskorunum okkar tíma en í henni felst jafnframt áhætta. Norðurlönd og Eystrasaltsríkin eru í fararbroddi í stafvæðingu í Evrópu, byggja á sterkum sameiginlegum gildum og búa yfir vel menntuðum og hæfum íbúum og geta þannig haft áhrif á og verið fyrirmynd í notkun tækninnar og hvernig hægt er að stjórna áhættu tengdri henni. MR-DIGITAL er vettvangur fyrir samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna.

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Samstarfsáætlun Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um stafvæðingu 2025–2030

PolitikNord 2024:757

ISBN 978-92-893-7987-8 (PDF)

ISBN 978-92-893-7988-5 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-757>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Louis Maniquet/Unsplash, Jens Lindström/Scandinav/Imagebank.sweden.se,

Melker Dahlstrand/imagebank.sweden.se

Útgefið Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur